Umsagnaraðili - Stofnanir	Dagsetning	Umsagnir	Þörf á viðbrögðum
Umhverfisstofnun	03.05.2021	Tilgreina þarf í deiliskipulagi hvaða aðgerða er unnt að grípa þannig að áhrif á útivistarsvæði í Elliðaárdal verði sem minnst.	Þó nokkurt svæði fari undir gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar skerðist útivistargildi Elliðaárdalsins lítið. Vegurinn verður skermdur af með hljóðvegg. Síðan er hljóðveggurinn hulinn að stórum hluta með gróðri, svo sjónræn áhrif sem og hljóðvistarleg áhrif eru í lágmarki.
Skipulagsstofnun	26.05.2021	Lýsing gerir góða grein fyrir skipulagsáformum fyrir umrætt svæði og fyrirhuguðu samráði.	Engar athugasemdir.
Náttúrufræðistofnun Íslands	25.05.2021	Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi framkvæmdasvæðisins á 18 árum og því forsendur fyrir mat á umhverfisáhrifum ekki að öllu leyti þær sömu. Ný hverfi hafa risið og náttúrufar og fuglalíf hefur breyst. Mat Náttúrufræðistofnunar er að skynsamlegt að leggja nýtt mat á gróðurfar og fuglalíf holtsins í vestanverðri Vatnsendahæð. Þarf að taka tillit til plöntutegundarinnar Blátoppu sem er á válista æðplanta og tilgreina mótvægisaðgerðir. Gera raunhæft mat á nauðsynlegum mótvægisaðgerðum við framkvæmd vegarins og göngu- og hjólastígum. Meta betur áhrif á jarðminjar svo sem Grágrýtisholtin sem eru verðmætur minnisvarði í jarðsögu svæðisins. Huga þarf að mótvægisaðgerðum vegna rasks á þessum jarðminjum við framkvæmd veglagningarinnar.	Hugað verður að mótvægisaðgerðum vegna hugsanlegs rasks á jarðminjum og gróðurfari við framkvæmd vegarins og það tekið fram í greinargerð með skipulaginu. Haft verður samband við Náttúrufræðistofnun vegna Blátoppu. Hins vegar er vísað til þess að Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að ekki er krafist nýs umhverfismats vegnar framkvæmdarinnar, og þar með engar forsendur að leggja í nýtt mat.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	20.05.2021	Huga þarf að endurmati á ákveðnum þáttum í umhverfismati sem ætla má að breyst hafi á liðnum tíma, gróðurfari og hugsanlega fuglalífi. Með tillit til aukinnar útbreiðslu lúpínu á svæðinu, auk trjáa þyrfti að huga að endurmati á stöðu gróðurfars almennt. Margt hefur breyst frá því að umhverfismatið var gert, byggð aukist mikið og gróðurfar breyst. Í lýsingu er vísað í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, þ.m. markmið 15.1 og lagt til að minnisblað verði gert um náttúrufar á svæðinu. Tekið er undir þetta og í ljósi tilvistar sjaldgæfrar plöntu, blátoppu, sem fannst árið 2002, þá verði staðan endurmetin. Með því fæst endurnýjuð sýn á ástand gróðurfars á svæðinu almennt og hægt verður að gera endurmat á hugsanlegum viðbrögðum.	Sjá viðbragð vegna umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands.
Minjastofnun Íslands	26.05.2021	Skv. Skráningu fornleifa eldri fornleifakönnun frá árinu 2002 unnið af Fornleifastofnun Íslands, eru þrjár fornleifar skráðar innan þess svæðis sem er nú til umsagnar. Þær eru ; Markasteinn (GK-2016:004), Tóft eða hleðsluleifar (GK-215:006) lágar og umfangslitlar, Hleðsla, steinhleðslur (GK-2016:008). Minjastofnun hefur veitt umsögn vegna vegamóta við Breiðholtsbraut desember 2020 þar sem kemur fram að manngerð steinhrúga í landi Reykjavíkur, rétt norðan við Breiðholtsbrautina. Út frá fyrirliggjandi skipulagsgögnum telur stofnunin að erfitt sé að meta nákvæmlega hvort að skráðar fornleifar verði fyrir áhrifum af framkvæmdunum. Stofnunin fer fram á að skráning fornleifa verði uppfærð fyrir skipulagssvæðið sbr. 16. Gr. Laga um menningarminjar nr. 80/2012 og núgildandi staðla og reglur Minjastofnunar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Minjastofnun Íslands fer fram á að fornleifar innan skipulagssvæðins verði merktar á meðan á framkvæmdum stendur til að fyrirbyggja að hróflað sem við þeim. Ef fyrirsjáanlegt er að einhverjar minjar þurfa að víkja þarf að óska eftir leyfi minjastofnunar.	Viðkomandi fornleifar; markasteinn, hleðsluleifar og steinhleðslur verða færðar hnitasetta inn á skipulagsuppdráttinn. Í framhaldinu verður haft samband við Minjastofnun Íslands, ef í ljós kemur að sækja verði um leyfi til að hnika fornleifum.
Vegagerðin	25.05.2021	Vegagerðin gerir ekki athugasemd við lýsinguna. Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum. Í greinargerð er rétt á að taka fram að gert er ráð fyrir að allir Arnarnesvegur geti orðið 4 akreina vegur og deiliskipulagið taki mið af því þó framkvæmdir nú geri aðeins ráð fyrir 4 akreinum milli hringtorgs við Vatnsendaveg og Breiðholtsbrautar.	Engar athugasemdir.
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	05.05.2021	HER telur brýnt að hugað verði að hljóðstigi við efri hæðir húsa í Fellahverfi og á útivistarsvæði efst í Elliðaárdal með útfærslu hljóðvarna til að lækka hljóðstigið. Huga verði að viðunandi loftgæðum í Vetrargarðinum. HER bendir á varanleg áhrif á vinsælli gönguleið sem liggur niður að Elliðaám og undir Breiðholtsbraut. Einnig verða mannvirkin mjög nálagt brennustæði fyrir m.a. áramótabrennur neðan við Suðurfell, þarf því væntanlega að færa það.	HER og UST eru með sömu athugasemdirnar hvað varðar hljóðstig og hljóðvarnir. Breiðholtsbrautinn verður varinn með hækkaðri hljóðmön og gatnamótinn verða varin með hljóðvegg. Búið er að hljóðreikna allt framkvæmdarsvæðið og verður brugðist við því í deiliskipulaginu. Athuga mætti að beina þeim tilmælum til borgarinar að staðsetja mælitæki vegna sviðryks við Vetrargarðin svo mæti mætti fylgjast með hugsanlegri svifryksmengun á svæðinu eins og HER bendir á.
Veðurstofa Íslands	17.05.2021	Veðurstofan gerir ekki athugasemd við lýsinguna.	Engar athugasemdir.
Veitur ohf	25.05.2021	Veitur eru að skoða legu hitaveitu og rafmagns meðfram nýjum vegi. Veitur koma til að leggja nýjast stofnlagnir utan veghelgunarsvæðis en munu þó þvera Arnarnes veg á einum stað. Veitur óska eftir upplýsingum varðandi áform og tímasetningar vegna samþættingu við framkvæmdir.	Það þarf að eiga sér stað samtal við Veitur ohf, þar sem þetta kemur til með að hafa áhrif, og e.t.v. hægt að samnýta vinnu vegna stígagerðar Reykjavíkur megin.

Skjal sótt af '00000000' dags: 10.11.2026

Umsagnaraðili - Einstaklingar og félagasamtök	Dagsetning	Umsagnir	Þörf á viðbrögðum
Íbúaráð Breiðholts	05.05.2021	Fulltrúar Íbúasamtakana betra Breiðholt og fulltrúi foreldrasamtakanna óska eftir að farið sé í umhverfismat fyrir framkvæmd vegtengingar við Arnarnesveg.	Með vísan í ákvörðun um matsskyldu Skipulagsstofnunar frá 15.02.2021, er nýtt umhverfismat ekki nauðsynlegt.
Vinir Vatnsendahvarfs	25.05.2021	Íbúar í nágrenni við framkvæmd mótmæla fyrirhuguðum vegaframkvæmdum. Vinir Vatnsendahvarfs eru mjög ósammála úrskurði í umhverfismati, sem var unnið fyrir Vegagerðina árið 2003, um að lagning 3. kafla Arnarnesvegar muni hafa óveruleg áhrif á umhverfi, útivist og hljóðvist og hafa kært niðurstöðu Skipulagsstofnunar um ekki væri þörf á nýju umhverfismati. **1) Mikil hætta á aukinni svifryksmengun yfir Vetrargarð og nærliggjandi hverfi.** Endurmeta þarf áhrif af viðbótarumferðarþunga Arnarnesvegarins. **2) Umferð um Arnarnesveg verður langt umfram umhverfismat.** Tölur um umferðarþunga verulega vanmetnar. Í nýrri umferðarspá sem VSÓ gerði fyrir deiliskipulag Kópavogs er gert ráð fyrir allt að 16.500 bifreiðum upp úr árinu 2031 um Arnarnesveg. Skv. þessari spá verður vegurinn því strax upp úr 2031 búinn að sprengja viðmið í umhverfismati sem er 9.000 til 15.000 bifreiðar. **3)Eyðilegging á dýrmætu grænu svæði.** Endurmeta áhrif stóraukinnar umferðar með tilliti til mengunar, hljóðvistar og fleiri þátta. **4) Dýr vegaframkvæmd sem leysir ekki vandamál heldur færir þau annað.** Fjarlægð milli gatnamóta uppfyllir ekki veghönnunarreglur skv. upplýsingum frá Vegagerðinni. Með því að grafa þennan vegakafla í göng væri hægt að vernda náttúruna og Vetrargarðinn, hlífa íbúum við mengun og hávaða, og minnka snjómokstur á veturna. **5) Arnarnesvegur mun hafa mjög neikvæð umhverfisáhrif.** Verðgildi húsa í nágrenni við veginn muni falla. Vegurinn eins og hann er skipulagður í dag er stórfelld og óafturkræf skipulagsmistök, og ógn við lýðheilsu.	1. Svifryksmengun helgast af umferðarþunga sem og öðrum þáttum, og því við búið að hún aukist við fjölfarina nýja vegi, en dragi úr henni á öðrum stöðum með tilkomu Arnarnesvegar. 2. Umhverfismatið byggist á spá og ómögulegt að spá fyrir hvort slíka spá standist eða ekki meira en áratug fram í tímann. Ef forsendur breytast mun verða brugðist við því, hvort sem það er til minnkunar eða fjölgunar hvað varðar umferðaþunga. 3. Í umhverfismatinu var hljóðvist og áhrif framkvæmdarinnar á græn svæði metin og verður brugðist við því með mótvægisaðgerðum. 4. Vegurinn kemur til með að færa til umferðar þungan á svæðinu. Losa um eldri umferðarteppur og taka við nýrri umhverð sem skapast við frekari uppbyggingu á svæðinu innan Kópavogs. Hvað varðar kostnaðinn, þá er kostnaður við að setja Arnarnesveginn í stokk, margfalt dýrari lausn og kolefnissport þeirrar framkvæmar einnig miklu meira. 5. Ekki verður sé hverning Arnarnesvegurinn hafi margfalt meiri umhverfisárhrif en að byggja hann ekki. Með því að beina allri nýrri umferð inn á núvernandi tengibrautir og húsagötur, í stað löngu skipulagðar stofnbrautar eru lýðheilsulegu áhrifin engu minni.
Heiðar Ásberg Atlason, Kleifakór 25	28.05.2021	Þegar ég flutti í hverfið 2014 átti vegurinn að liggja ca. miðja vegu á milli Kópavogs og Reykjavíkur. Af hverju er miðlína ekki notuð eins og eðlilegt er að gera í slíkri framkvæmd? Hverju sætir það? Getur verið að það skipti máli að umhverfismatið er ævafornt? Þegar skoðuð er mynd af fyrirhuguðu vegstæði þá er augljóst að vegurinn liggur alveg upp að Kórahverfinu en mjög langt frá Breiðholti. Upphafleg lega vegarins færð að kröfu íbúa Breiðholts á þeim tíma sem umhverfismatið var gert og þá voru ekki íbúar í Kórahverfinu á móti. Staða því gerbreytt. Óskað er eftir umsagnar íbúaráðs Breiðholts, en ekki íbúabyggð Kópavogs. Það þarf að setja þessa framkvæmd í nýtt umhverfismat og það sem fyrst.	1. Vegstæðið hefur ekki breyst. 2. Miðlína núverandi byggðar skiptir ekki máli, en vegstæðið er innan marka beggja sveitarfélaganna. 3. Það er betra upp á hljóðvist að vegurinn liggi nær Kópavogi, þar sem hann er sprengdur niður og því endurkastast hljóðið frá Kópavogi, það sýna hljóðvistamælingar. 4. Vegurinn var ekki færður til að koma á móts við íbúaráð Breiðholts, og hverjum sem er frjálst að koma með umsögn. 5. Ekki þörf á nýju umhverfismáti, sbr. álit Skipulagsstofnunar.
Hlynur Gíslason, Flúðaseli 46	08.06.2021	Gatnamót verði ljósastýrð en ekki mislæg. Flest umferðarslys á Íslandi verða á ljósastýrðum gatnamótum. Að mínu mati á ekki að gefa afslátt af umferðaröryggi með því að hafa þessi nýju gatnamót með umferðarljósum heldur á að hafa þau mislæg eða með hringtorgi. Mislæg gatnamót eru öruggasta tegund gatnamóta og hringtorg þar á eftir. Þessi ákvörðun er að mínu mati ekki í samræmi við umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar.	1. Þetta er pólitísk ákvörðun og pólitísk málamiðlun. Ljósstýrðri útfærslu má umbreyta yfir í mislæg gatamót, ef umferðarþungi eykst og þar með forsendur fyrir nýrri útfærslu.
Guðmundur Svafarsson, Írarbakka 28	29.04.2021	Mótmælir vegna fyrirhugaðs þriðja áfanga Arnarnesvegar. Þessi framkvæmd þarf að fara í nýtt umhverfismat. Það er ekki boðlegt að styðjast við 18 ára gamalt mat.	1. Með vísan í ákvörðun um matsskyldu Skipulagsstofnunar frá 15.02.2021, er nýtt umhverfismat ekki nauðsynlegt.

Skjal sótt af '0000000' dags: 10.11.2026